

241. fundur

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 13. október 2005

Fundurinn hófst kl. 15:08. Mættir allir aðalmenn nema Stefán Jónsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp boðaða dagskrá í upphafi fundar.

Sveitarstjóri óskaði eftir að fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 13. október yrði tekin fyrir á fundinum ásamt þeirri fundargerð sömu nefndar sem fyrir fundinum liggur. Enn fremur að erindi frá Einari T. Kristinssyni varðandi Hofsstaði í Gufudalssveit yrði tekið fyrir undir liðnum “önnur mál.”

Samþykkt að taka hvort tveggja á dagskrá.

Var nú gengið til dagskrár:

Fundargerðir nefnda

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir 239. og 240 fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð verkfundar 14. sept. vegna vatnsveituframkvæmda á Reykhólum. Verkinu er ekki alveg að fullu lokið og þarf að fá verktaka til að klára sitt verk að viðlögðum dagsektum fyrir 1. nóvember. Þá er líka hægt að gera endanlega upp við hann.
- 3) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 15. september og 13. október. Tekin voru fyrir drög að nýrri hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn sem á að leysa af hólmi gildandi reglugerð nr. 258/1975.

Enn fremur rætt um hafnargjöld Reykhólahafnar, en Þörungaverksmiðjan kvartar undan hækkun þeirra 22. nóvember 2004. Í fundargerðinni kemur fram að nefndin leggur til að hafnargjaldið verði óbreytt. Oddviti greindi frá viðræðum sínum og fleiri við framkvæmdastjóra Þörungaverksmiðjunnar um þessi mál. Fyrir liggur að semja þarf sérstaka gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn. Sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita falið að semja gjaldskrá og leggja fyrir hreppsnefnd.

Afgreiðslu nefndarinnar á hafnargjöldum frestað. Ný hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn samþykkt og byggist hún á fyrirliggjandi drögum óbreyttum. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

Fundargerð 13. október. Engar athugasemdir.

- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 4. október. Hluti fundargerðarinnar var færður í trúnaðarmálabók nefndarinnar og var hreppsnefndarfundi lokað á meðan sá liður var afgreiddur.
- 5) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 7. október 2005. Í 9. t.l. kemur fram að skólastjóri hafi lagt til að sett yrði upp verðskrá fyrir þjónustu og útleigu á skóla. Hreppsnefnd tekur undir það og felur sveitarstjóra ásamt Björk og Þórði að gera tillögu að slíkri gjaldskrá. Fundargerð samþykkt.
- 6) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 10. október. Samþykkt.

Mál til kynningar

- 1) Úrslit sameiningarkosninga 8. október um sameiningu Reykhólahrepps við Saurbæjarhrepp og Dalabyggð. Reykhólahreppur hafnaði sameiningu.
- 2) Könnun vegna búsetu fatlaðra í Reykhólasveit, gerð af svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum
- 3) Þrjú erindi frá Reykhólahreppi sem sveitarstjóri kynnti fjárlaganefnd Alþingis 26. september sl.
- 4) Sjúkraflutningar, erindi frá landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- 5) 61. fundur Breiðafjarðarnefndar 26-27. júlí, fundargerð
- 6) Skólaheimsóknir skákfélagsins Hróksins, styrkbeiðni. Samþykkt að gerast bronsbakhjarl, kr. 25.000,-
- 7) 727. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. ágúst, fundargerð
- 8) Viðauki við og breyting á leigusamningi landbúnaðarráðuneytisins sem leigusala og Jónasar Samúelssonar og Braga Benediktssonar sem leigutaka fyrir landspildunni Hvannahlíð (tilkynnt sveitarstjórn skv. 10.gr. jarðalaga)
- 9) Úrskurður Skipulagsstofnunar dags. 8. september 2005 um mat á umhverfisáhrifum vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurreppi og Reykhólahreppi
- 10) Auglýsing um umferð í Reykhólahreppi og fleira. Auglýsingin er nr. 893/2005.
- 11) Afrit af bréfi sýslumannsins á Patreksfirði til framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála
- 12) Dýpkun innsiglingar við Reykhólahöfn, bréf til Umhverfisstofnunar
- 13) Úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ (synjun um styrk til merkingar eyðibýla)
- 14) Styrkveiting kr. 150.000,- frá SAMIK til eflingar vinabæjartengsla Reykhóla og Kulusuk á Grænlandi. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þennan styrk.
- 15) Kaup á sneiðmyndataeki fyrir fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, styrkbeiðni. Beiðninni hafnað, enda er íbúum Reykhólahrepps þjónað af sjúkrahúsinu á Akranesi en ekki frá Ísafirði.

Önnur mál

- 1) Erindi frá Einari T. Kristinssyni í Gufudal, sem óskar eftir því að Reykhólahreppur fari þess á leit við landbúnaðarráðuneytið að fá ríkisjörðina Hofsstaði í Gufudalssveit keypta á grundvelli 35.gr. jarðalaga nr. 81/2004 til þess að endurselja Einari síðan jörðina með áföllnum kostnaði.

Málinu frestað. Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar fyrir næsta fund.

- 2) Lagt var fram svar Hólmavíkurrepps við þeirri áskorun hreppsnefndar Reykhólahrepps og fjallskilanefndar að hreppsnefnd Hólmavíkurrepps sjái til þess að fjallskil fari fram með viðunandi hætti og á skipulagðan hátt.

Sveitarstjóra falið að kynna svarið fyrir fjallskilanefnd.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)